


Alþingi  
Erindi nr. P 138/785  
komudagur 16.12.2009

Allsherjarnefnd Alþingis



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 16. desember 2009

Tilvísun: 2009121118BPJ/--

Persónuvernd hefur að beiðni Allsherjarnefndar farið yfir frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburð (Þskj. 330, 286. mál, 138. löggjafarþ.).

### I.

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um þá gagnagrunna sem rannsóknarnefnd mun afhenda Þjóðskjalasafni til varðveislu. Skilja má núverand orðalag 2. gr. frumvarpsins á þann hátt að safnið megi gera tvenns konar afrit. Annars vegar afrit sem hafi að geyma ópersónugreinanlegar upplýsingar. Hins vegar sérstök afrit til fræðilegra rannsókna, en þær upplýsingar sem þar verði þurfi ekki að verða með öllu ópersónugreinanlegar.

Persónuvernd gerir þann fyrirvara að henni er hvorki kunnugt um efni, uppbyggingu né umfang þeirra gagna sem um ræðir og því skortir hana í raun forsendur til að meta hvort framangreint sé framkvæmanlegt. Almennt verður þó að ætla að verulegir annmarkar séu á því. Því varar hún við lögfestingu ákvæðisins í óbreyttri mynd.

Auk framangreinds minnir Persónuvernd á efni dóms Hæstaréttar nr. 151/2003 um gagnagrunn á heilbrigðissviði. Lög um gagnagrunninn nr. 139/1998 gerðu ráð fyrir því að handhafar framkvæmdavalds myndu sjá um að gera gögnin ópersónugreinanleg. Um þetta segir í dómnum:

„Í einstaka ákvæðum laga nr. 139/1998 er ítrekað skírskotað til þess að heilsufarsupplýsingar í gagnagrunni á heilbrigðissviði eigi að verða ópersónugreinanlegar. Eins og fyrrnefndum reglum um þau atriði, sem um ræðir í 7. gr. og 10. gr. laganna, er háttað skortir á hinn bóginn mjög á að tryggt sé nægilega með ákvæðum settra laga að þessu yfirlýsta markmiði verði náð. Vegna þeirra skyldna, sem 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar

leggur samkvæmt áðursögðu á löggjafann til að tryggja friðhelgi einkalífs, getur ekki komið hér í staðinn ýmiss konar eftirlit með gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðisviði, sem lagt er í hendur opinberra stofnana og nefnda án þess að þær hafi við ákveðnar og lögmæltar viðmiðanir að styðjast í störfum sínum. Nægir heldur ekki í þessu skyni að leggja í hendur ráðherra að setja skilmála í rekstrarleyfi eða fela öðrum handhöfum opinbers valds að setja eða samþykka um þessi efni verklagsreglur, sem á öllum stigum geta verið breytingum háðar innan þeirra lítt afgerandi marka, sem ákvæði laga nr. 139/1998 setja.“

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir því að Persónuvernd komi að vinnslu umræddra upplýsinga inni á Þjóðskjalasafni, þ.e. að aðgerðum til að fækka persónugreinandi þáttum og öðru sem lýtur að öryggi o.þ.h. Í ljósi eðlis Persónuverndar sem eftirlits- og úrskurðaraðila með vinnslu er lagt til að þessu verði breytt og þjóðskjalaverði, sem ábyrgðarðila gagnanna, falið þetta verkefni. Rísi hins vegar ágreiningur um ákvarðanir hans muni úrlausn mála vera á hendi Persónuvernd með sama hætti og almennt er. Þá er, að mati Persónuverndar, ekki skýrt hvers vegna sérstaklega er vikið að eyðingu persónuauðkenna af gögnum sem tengjast launaupplýsingum - þ.e. í málsgrein um fræðilegar rannsóknir. Skoða þarf hvort þörf sé á sérstöku ákvæði um þessar upplýsingar. Sé svo þarf að ákveða hvar því skuli fyrir komið.

Þá telur Persónuvernd rétt að áréttu að því fylgir mikill kostnaður að ganga þannig frá umræddum gagnagrunnum varðandi dulkóðun og bjögun upplýsinga að hægt sé að hleypa fræðimönnum í gagnagrunnanna sjálfa til þess að framkvæma vísindarnnsóknir. Á meðan ekki hefur þannig verið gengið frá gagnagrunnunum er að mati Persónuverndar ekki hægt að nota þá nema fyrir milligöngu starfsmanns Þjóðskjalasafns eða trúnaðarmanns sem framkvæma myndi þær aðgerðir eða rannsóknir sem um væri beðið og afhenda ópersónugreinanlegar niðurstöður á kostnað verkkaupa.

## II.

Með vísun til alls framangreinds leggur Persónuvernd til að efni 2. gr. verði breytt og hljóði svo:

### 2. gr.

Við frumvarpið bætist ný grein sem verður 18. gr. og orðast svo:

Rannsóknarnefndin afhendir Þjóðskjalasafni Íslands þá gagnagrunna sem orðið hafa til í störfum hennar, sbr. 5. mgr. 17. gr. Rannsóknarnefndin tekur ákvörðun um hverjum af þeim gögnum sem nefndin hefur safnað ber að skila sem gagnagrunni samkvæmt þessu ákvæði og hvaða upplýsingar koma þar fram. Þjóðskjalasafni Íslands er heimilt að gera samning við aðra ríkisstofnun á grundvelli 30. gr. fjárreiðulaga um að rækja starfsskyldur safnsins um ákveðinn tíma samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Þegar rannsóknarnefndin afhendir gagnagrunna til Þjóðskjalasafns skal hún merkja þá eftir því hvort um sé að ræða gagnagrunn með ópersónugreinanlegum upplýsingum eða persónugreinanlegum. Þjóðskjalasafni varðveitir upprunalega gagnagrunna og er óheimilt að veita aðgang að upplýsingum í ~~úr þeim~~ persónugreinanlegum gagnagrunnum ~~þar til~~ nema að því marki sem reglur upplýsingalaga nr. 50/1996 um aðgang að gögnum um einkamálefni einstaklinga leyfa. [Greinarskil falla brott.] Þjóðskjalasafni Íslands er hins vegar heimilt að afhenda afrit af þeim gagnagrunnum sem hafa að geyma ópersónugreinanlegar upplýsingar og upplýsingar sem ekki verða raktar til nafngreindra fyrirtækja.

Taka skal sérstakt afrit af gagnagrunnunum til fræðilegra rannsókna þar sem afmáð eru persónuauðkenni launaupplýsinga. Persónuvernd skal taka afstöðu til þess Þjóðskjalavörður tekur ákvarðanir um hvort afmá beri önnur persónuauðkenni úr gagnagrunnunum eða nota aðrar aðferðir til þess að vernda persónuupplýsingar. Persónuvernd úrskurðar um ágreining sem rís um ákvarðanir hans. Þjóðskjalasafn Íslands ber kostnað af vinnu Persónuverndar.

Þjóðskjalavörður getur heimilað aðgang að afriti skv. 4. mgr. í öruggri aðstöðu safnsins til þess að gera fræðilega rannsókn, enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

a. ábyrgðarmaður rannsókna og aðrir sem sjá um tölvuvinnslu á hans vegum heiti því að gæta þagmælsku um þær persónugreinanlegu upplýsingar sem þeir fá aðgang að sem og fjárhagsupplýsingar sem rekja má til nafngreindra fyrirtækja og undirriti skriflega yfirlýsingu þar um,

b. þær upplýsingar sem veittur er aðgangur að verði má ekki fara með út úr húsnæði safnsins og ekki birtar í rannsóknaniðurstöðum á persónugreinanlegan hátt eða þannig að þær verði raktar til nafngreindra fyrirtækja,

c. virtar séu í hvívetna öryggisreglur sem þjóðskjalavörður skal setja um gagnagrunnana í samræmi við ákvæði 11. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þjóðskjalavörður getur sett frekari skilyrði um hvernig haga beri aðgangi að gagnagrunnunum að fenginni umsögn Persónuverndar, m.a. til þess að tryggja öryggi gagnanna.

Í umsókn ábyrgðarmanns skal gera ítarlega grein fyrir markmiði rannsóknarinnar, fræðilegu gildi hennar og hvernig staðið verði að framkvæmd hennar.

Ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda að öðru leyti um gagnagrunna um bankahrúnið, þ.m.t. eftirlit og úrræði Persónuverndar.


Ábyrgðarmaður rannsókna, sem óskar eftir að gera fræðilega rannsókn á gagnagrunnum um bankahrúnið, skal greiða fyrir allan kostnað sem hlýst af framkvæmd rannsóknarinnar og eftirliti með því að reglum og skilmálum sé fylgt. Þurfi Þjóðskjalasafn að kalla til sérfræðing við framkvæmd eða eftirlit með rannsókninni skal ábyrgðarmaður rannsókna jafnframt greiða þann kostnað samkvæmt reikningi, þ. á m. þann kostnað sem til fellur vegna eftirlits Persónuverndar.

Ef maður, sem fengið hefur leyfi til þess að gera fræðilega rannsókn, eða annar aðili sem vinnur að rannsókninni brýtur ákvæði 5. eða 6. mgr. varðar það sektum eða fangelsi allt að þremur árum. Sömu refsingu varðar það að gera rannsókn án leyfis eða á annan hátt en sótt var um.


Nú brýtur maður 5. eða 6. 4. eða 5. mgr. af ásetningi eða gáleysi og má þá dæma hann til að greiða þeim sem upplýsingarnar varða bætur fyrir fjártjón og miska.

Virðingarfyllt

  
Ólafur Garðarsson



Haraldur Briem



Aðalsteinn Jónasson